

ÖRYGGISKORT FYRIR SJÚKLINGA

XELJANZ[®] (tofacitinib)



Útgáfa: 05 | Samþykktardagsetning: maí 2023

Á þessu korti eru mikilvægar öryggisupplýsingar um XELJANZ.

Ef þú skilur ekki upplýsingarnar skaltu biðja lækinn eða lyfjafræðing að útskýra þær fyrir þér. Berðu þetta kort alltaf á þér og sýndu það læknum og lyfjafræðingum sem þú leitar til.

Sjá frekari upplýsingar um lyfið í XELJANZ fylgiseðlinum sem fylgir XELJANZ lyfjapakningunni.

Útgáfa: 05

Láttu lækinn eða lyfjafræðing vita um ÖLL lyf sem þú notar, þ.m.t. lyf sem fengin eru með eða án lyfseðils, vítamín og fæðubótarefni.

Notkun XELJANZ með tilteknum lyfjum getur aukið hjá þér hættu á aukaverkunum, ónæmisbælingu og sýkingum.

Meðferð með XELJANZ getur aukið hættu á sýkingum, illkynja sjúkdómum (að meðtöldu lungnakrabbameini, eitilfrumuæxli og húðkrabbameini öðru en sortuæxli).

Hætta á sýkingum, hjartaáfalli og sumum tegundum krabbameins getur verið aukin hjá þeim sem eru 65 ára og eldri. Læknirinn mun ákveða hvort XELJANZ henti þér.

Útgáfa: 05

Láttu lækinn vita tafarlaust ef þú:

- Færð skyndilega mæði eða öndunarerfiðleika, brjóstverk eða verk í efri hluta baks, þrota í fótlegg eða handlegg, verk eða eymsli í fótlegg eða roða eða litarbreytingu á fótlegg eða handlegg meðan á notkun XELJANZ stendur. Þetta geta verið einkenni blóðtappa í lungum eða æðum.
- Færð einkenni sýkinga, svo sem hita, þrálátan hósta, þyngdartap eða mikla þreytu.
- Færð einhver einkenni ristils (herpes zoster-sýkingar), svo sem sársaukafull útbrot eða blöðrur á húð.

Útgáfa: 05

- Hefur verið í samneyti við berklaveikan einstakling.
- Finnur fyrir verulegum brjóstverk eða þrengslatilfinningu yfir bringuna (sem getur leitt út í hendur, kjálka, háls og bak), mæði, köldum svita, vægum svima eða skyndilegu sundli. Þetta geta verið einkenni hjartaáfalls.
- Finnur fyrir bólgu í eitlum í hálsi, handarkrika eða nára; mikil þreytutilfinning; hiti; nætursviti; þrálátur eða versnandi hósti; öndunarerfiðleikar; hæsi eða hvæsandi öndunarhljóð; eða óútskýrt þyngdartap.

Útgáfa: 05

- Færð nýjan húðvöxt eða einhverjar breytingar á núverandi fæðingarblettum og bólum.
- Færð einkenni millivefslungnasjúkdóms, svo sem mæði.
- Færð ummerki eða einkenni frá kvið, svo sem magaverk, kviðverki, blóð í hægðum eða breytingar á hægðavenjum ásamt hita.
- Færð gula húð, ógleði eða uppköst.
- Þarft/hefur í hyggju að fá bólusetningu. Þú mátt ekki fá ákveðnar gerðir bóluefna á meðan þú tekur XELJANZ.

Útgáfa: 05

- Verður þunguð eða ráðgerir að verða þunguð.
- Ekki má nota XELJANZ á meðgöngu. Konum á barneignaraldri skal ráðlagt að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með XELJANZ stendur og í a.m.k. 4 vikur eftir síðasta skammt.
- Konur mega ekki hafa barn á brjósti meðan þær fá meðferð með XELJANZ.

Útgáfa: 05

Fylltu inn upplýsingar hér á eftir þegar þú færð öryggiskortið

Nafn sjúklings: _____

Nafn læknis: _____

Símanúmer læknis: _____

Meðferð Xeljanz hafin dags.: _____

Ef þú hættir að taka XELJANZ þarftu að bera þetta kort á þér í a.m.k. 2 mánuði eftir að síðasti skammtur af XELJANZ er tekinn.

Útgáfa: 05 | Samþykktardagsetning: maí 2023